

Dalaveitur ehf. 23. fundur.

Miðvikudaginn 22. janúar 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórnarsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 13:00.

Mætt voru: Skúli Guðbjörnsson, Sigríður Huld Skúladóttir, Þuríður Jóney Sigurðardóttir og Kristján Sturluson.

Einnig sat fundinn Kristján Ingi Arnarson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Uppgjör vegna 2017 og 2018

Staðarlistar og upplýsingar vegna uppgjörs á Ísland ljóstengt 2017 og 2018 lagt fram til kynningar. Gögnin voru send Fjarskiptasjóði í byrjun janúar, en ekki hefur borist staðfesting um afgreiðslu.

2. Vodafone, tengingar

Álit lögfræðings hjá Pacta og svar Fjarskiptasjóðs, vegna afgreiðslu á tengingu Vodafone og deilu við Mílu, lagt fram. Samþykkt samhljóða að erindi til Mílu um afgreiðslu tengingar verði ítrekað. Vodafone verði tilkynnt um nýja gjaldskrá í vinnslu.

3. Gjaldskrá 2020

Kristján Ingi leggur fram drög að breyttri gjaldskrá. Greinar um stofngjald og skilgreiningu styrk- og óstyrkhæfra tengistaða falla út. Farið yfir nýja uppskiptingu mánaðargjalds.

Rætt um sérstaka gjaldskrá fyrir leigu stofnsambanda fjarskiptafélaga þar sem innheimt er fyrir km í loftlínu milli tengistaða. Ákveðið að styðjast frekar við sundurliðaða gjaldskrá með föstu mánaðargjaldi.

Samþykkt samhljóða drög að uppfærðri gjaldskrá og að hún verð sendi Póst- og Fjarskiptastofnun til umsagnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.

Skúli Guðbjörnsson

Ragnheiður Pálsdóttir

Þuríður Jóney Sigurðardóttir

Kristján Sturluson